

LEIÐBEININGAR UM UPPSETNINGU OG VIÐHALD Á EI JÓNÍSKUM REYKSKYNJURUM



EI 100C Ferkantaður með prufuhnappi. Samtengjanlegur allt að 12 stk. Hámarks vegalengd frá fyrsta skynjara að síðasta er 1,5km. Vír 18 AWG (0,82mm). Hámarks viðnám milli skynjara 50 ohm. Við prófun pípir í öllum skynjurunum. Þegar skynjun á sér stað blikkar sá skynjari.

ATHUGIÐ: Lesið leiðbeiningarnar. Staðsetjið reykskynjarana rétt. Farið eftir ábendingum um uppsetningu. Prófið reykskynjarana reglulega. Leggið drög að undankomuleiðum af heimilinu til öryggis.

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR.

- * Staðsetjið skynjarann fyrir miðju lofts, ef hægt er.
- * Prófið mánaðarlega með prufuhnappnum.
- * Setjið nýja **alkaline** rafhlöðu í árlega eða þegar viðvörunarmerki heyrst og LED ljósið blikkar samtímis.
- * Þegar skynjarinn er fyrst settur upp getur heyrst í honum 2-3 sekúndur og LED ljósið blikkar í allt að 10 sek. **Það er eðlilegt.**
- * Ef heyrst í skynjaranum **án** þess að ljósið blikki samtímis, hreinsið þá skynjarann. Þetta er sjálfvirk viðvörðun um að ryk hefur safnast í hann.
- * Reykskynjari kemur ekki í veg fyrir eldsvoða.
- * Skipuleggið útgönguleiðir.
- * Viðvörðunarkerfi krefst reykskynjara auk hitaskynjara og allar einingar samtengdar.
- * Ef þú ert í vafa eða hefur spurningar hafðu samband við söluaðila eða slökkvilið.

2. ALMENN STAÐSETNING REYKSKYNJARA:

Reykskynjarinn gefur viðvörðun þegar nægur reykur kemur í hann. Hann skal staðsetja 7 m. frá mögulegum eldsupptökum, til að hann gefi skjóta viðvörðun. Hann þarf einnig að vera staðsettur þannig að viðvörðun heyrst um húsið (íbúðina), þannig að fjölskyldan vakni það tímalega að hún geti komist út. **Einn** skynjari gefur nokkra viðvörðun, en flest heimili þarfnast tveggja eða fleiri skynjara til þess að viðvörðun sé örugg og berist strax. Til þess að vera alveg viss er ráðlegt að setja skynjara í hvert herbergi, þar sem hættu er á að eldur geti brotist út. Fyrsta skynjarann ætti að staðsetja á milli svefnálmú og t.d. eldhúss eða stofu, en ekki lengra en 7 m. frá hurð á herbergi þar sem eldurinn gæti byrjað og þannig varnað útgönguleið.

Mynd 1 sýnir hvar reykskynjarar ættu að vera staðsettir í eins hæða húsi. Eftirfarandi eru fjarlægðir sem mælt er með, til þess að vissa sé fyrir hendi að skjót viðvörðun berist ef eldur kviknar og að hún heyrst vel. Mynd 2 sýnir hvar þeir ættu að vera staðsettir í eins hæða húsi með sér svefnálmú. Mynd 3 sýnir hvar þeir ættu að vera staðsettir í tveggja hæða húsi eða hærra.

Reykskynjari: (Jónískir og optískir)

1. Innan 7m. frá dyrum herbergja þar sem upptök elds eru líkleg. Í ganga sem eru lengri en 15 m. ætti að setja fleiri en einn reykskynjara.
2. Á hverja hæð.
3. Innan 3 m. frá svefnherbergishurð, svo viðvörðun heyrst örugglega.
4. Í hvert herbergi þar sem eldur gæti brotist út.

3. STAÐSETNING REYKSKYNJARA:

- * Reykur stígur upp dreifist, svo staðsetja skal reykskynjarann fyrir miðju lofts, alls ekki í hornum.
- * Staðsetjið hann a.m.k. 30 sm. frá ljósastæðum eða hlutum, sem hindrað gætu reykinn að ná til skynjarans.
- * Staðsetjið hann lágmark 15 sm. frá veggjum eða hornum.
- * Þegar ekki er unnt að staðsetja skynjarann í loft (vegna bita eða geislahitunar) skal setja hann á vegg u.þ.b. 15-30 sm. frá lofti og a.m.k. 15 sm. frá hornum.
- * Þar sem er hallandi loft eða ris, setjið skynjarann þá 90 sm. frá hæsta punkti mælt lárétt.

ÞAR SEM EKKI Á AÐ STAÐSETJA REYKSKYNJARA:

- * Þar sem gufa gæti orsakað ótímabæra viðvörðun, t.d. **baðherbergi, sturtuklefa og bílageymslur.**

- * Nálægt **skrautmunum, hurðum, ljósastæðum, gluggasýllum** o.s.frv. sem gætu hindrað reykinn að ná til skynjarans.
- * Fleti sem eru yfirleitt **heitari** eða **kaldari** en herbergið (t.d. þaklúgur, óeinangraðir útveggir, o.fl.).
- * Nálægt eða fyrir ofan hitara, loftræstilúgur, glugga o.fl. sem gætu breytt loftstreymi.
- * Á mjög háum stöðum, t.d. fyrir ofan stigaop þar sem erfitt er að ná til skynjarans til þess að prófa hann eða skipta um rafhlöðu.
- * Ekki innan 1 m. frá "dimmer" stýrðum ljósum og vírum þar sem það gæti orsakað truflanir.
- * Ekki innan 1 m. frá fluorescent ljósum og vírum þess, sem truflað gætu skynjarann.
- * Á sérstaklega óþrífalega staði þar sem mengun byggist upp og gæti tafið viðbrögð.

UPPSETNING:

1. Opnið skynjarann með því að lyfta lokinu. Takið lokið af.
2. Staðsetjið skynjarann þar sem hann á að vera. Merkið fyrir skrúfum í skrúfugötum.
3. Gætið þess að forðast raflagnir í loftinu, borið göt í miðju merkisins. Ýtið plasttöppunum í götin og skrúfið þétt.
4. Lyftið rafhlöðunni úr hólfinu og tengið við vírana. ATH: Hátt hljóð getur heyrst þegar tengt er. Prófaðu hitaskynjarann með því að þrýsta á hnappinn. Skrifu dagsetningu þegar rafhlaðan er sett í með blýanti innan á lokið til að minnis um hvenær skipta skal um rafhlöðu. Þegar rafhlaða er endurnýjuð munið að prófa skynjarann.

RAFHLÖÐUR:

Reykskynjarinn er með innbyggða viðvörðun fyrir rafhlöðuna. Þegar rafhlaðan er að verða tóm gefur skynjarinn frá sér bíb hljóð einu sinni á mínútu áður en rafhlaðan verður tóm. Slíkt hljóð á að heyrast í allt að 30 daga. Setjið nýja rafhlöðu strax í.

PRÓFUN OG VIÐHALD REYKSKYNJARA:

1. Reykskynjarinn prófar sig sjálfur á 40 sek. millibili. Ef ryk hefur safnast í hann þá gefur hann hljóðmerki án þess að það logi samtímist á LED ljósinu. Hreinsið þá skynjarann. Ef þessu heldur áfram farið með hann til viðgerðar.
2. Mælt er með að reykskynjarinn sé prófaður einu sinni í mánuði til að vera viss um að hann sé í lagi. Ýttu á prufuhnappinn og haltu honum inni ca. 10 sek. og gefur skynjarinn þá frá sér viðvörðunarljóð, sem hættir fljótlega eftir að hnappnum er sleppt. Ef viðvörðun heyrst ekki, athugið þá eftirfarandi:
 - a. Athugið hvort rafhlaðan sé rétt tengd við vírana
 - b. Setjið nýja rafhlöðu í (athugið dagsetningu á loki)
 - c. Hreinsið reykskynjarann.
 - d. **Skipt um rafhlöðu.** Ný rafhlaða ætti að endast u.þ.b. eitt ár. Áður en hún er endanlega búin, gefur skynjarinn frá sér hljóðmerki og LED ljósið blikkar samtímis, einu sinni á mínútu í 30 daga. Skiptið þá um rafhlöðu ef hljóðmerki heyrst ekki þegar ýtt er á prufuhnappinn.
 - e. **Hreinsun reykskynjara.** Hreinsið reykskynjarann reglulega. Notið mjúkan bursta eða bursta á ryksugunni og ryksugið í rifurnar á skynjaranum. ATH. ekki skal opna lokið og ryksuga skynjarann opinn. Hreinsið lokið með því að taka það af og þvo í volgu sápuvatni. Þurrkið vel áður en það er sett á aftur. **Ekki má mála reykskynjara.**

SAMTENGING REYKSKYNJARA:

Hámark 12 samtengjanlega EI 103, EI 100C og EI 105C hita/reykskynjara má tengja saman, þannig að þegar einn skynjari skynjar eld þá gefa allir skynjarar frá sér viðvörðun. Þetta stuðlar að því að viðvörðun heyrst örugglega.

VIÐVÖRUN: Ekki tengja saman aðrar tegundir af hita/reykskynjurum við EI skynjara. Hámark 250 m. af vír er hægt að nota (hámarks viðnám milli skynjara 50 ohm). Þeir eru samtengdir með því að víra saman öll tengi merkt 1 og öll tengi merkt 2. Gat skal gert á miðann sem límdur er yfir víragatið á botni skynjarans og vírarnir dregnir þar í gegn. Athugið að vírarnir inni í skynjaranum mega ekki snerta prófunarhnappinn og mega ekki heldur trufla loftflæði inn í skynjarann. Súgur frá víragötum, snúrögötum eða borgötum geta blásið hita/reyk frá skynjunarhólfi, og gert það ónæmt fyrir hita/reyk, þannig að það er nauðsynlegt að loka slíkum götum með silicone þétti eða álíka. Þegar vírun er lokið skal prófa samtenginguna með því að ýta á prufuhnappinn á fyrsta skynjaranum. Allir skynjararnir senda frá sér viðvörðun innan 10 sek. og rautt ljós logar **eingöngu** á þeim skynjara sem er prófaður á einnar sekúndu fresti. Prófið síðan alla skynjarana á sama hátt.